

# ÁRSSKÝRSLA 2001

*FJARÐABYGGÐ*

*ÁRSSKÝRSLA 2001*



**FJARÐABYGGÐ**



## ÁVARP BÆJARSTJÓRA

## Forsíða

## Ávarp bæjarstjóra

## Starfsemin á árinu

## Fjármál og stjórnýsla

## Félagsþjónusta

## Fræðslumál

## Menningarmál

## Æskulýðs- og íþróttamál

## Umhverfismál

## Hafnarsjóður

## Rafveita Reyðarfjarðar

## Samanburður á lykiltölum

## Ársreikningur 2001

## Fjármagnsyfirlit

## Rekstrar- og framkvæmdayfirlit

## Efnahagsreikningur

## Raunbreyting á peningalegri stöðu

## Lykiltölur

## Skýringar

Ársskýrsla Fjarðabyggðar birtist mönnum nú öðru sinni. Í ársskýrslunni er leitast við að gera grein fyrir rekstri bæjarfélagsins á árinu 2001. Þar er að finna almennt yfirlit yfir helstu málaflokka og þau undirfyrirtæki sem bæjarstjórn fjallar um. Auk þess sem yfirlit er gefið yfir ráðstöfun fjár til hinna ýmsu málefna.

Sviðsstjórar sveitarfélagsins taka hver fyrir sig þá málaflokka fyrir sem falla undir þeirra verksvið og er því ekki fjallað um einstaka málaflokka í þessum inngangi.

Ársskýrsla Fjarðabyggðar er einungis birt á heimasíðu sveitarfélagsins en þeir sem þess óska geta fengið hana útprentaða á bæjarskrifstofunum. Eins og þeim er kunnugt sem heimsótt hafa heimasíðuna þá er þar að finna mikið af upplýsingum um sveitarfélagið og er forðast að endurtaka þær upplýsingar í ársskýrslunni.

Mikil undirbúningsvinna hefur átt sér stað vegna væntanlegrar byggingar álvers í Reyðarfirði. Á árinu var gengið frá samningsdrögum við Reyðarál vegna atriða sem Fjarðabyggð kemur að við byggingu álversins. Þá var lokið umhverfismati væntanlegrar álvershafnar að Hrauni og ekkert því til fyrirstöðu að hefja þar framkvæmdir þegar ákvarðanir þar af lútandi liggja fyrir. Þó svo að tímasetningum um ákvörðun um byggingu álvers hafi enn verið frestað er gengið út frá því í allri þeirri skipulagsvinnu sem nú er verið að vinna fyrir Fjarðabyggð að hér verði reist álver, enda ekki spurning um hvort af því verður, heldur hvenær.

Bæjarbúum fækkaði um 33 á árinu og er það mikið áhyggjuefni. Ljóst er þó að verulega virðist vera að draga úr fólksfækkun miðað við undanfarin ár og vonandi að sú þróun haldi áfram og blaðinu verði algerlega snúið við í þessum efnum.

Það markmið náðist á árinu að grunnskólar Fjarðabyggðar voru einsetnir. Grunnskóli Eskifjarðar var einsettur í ársbyrjun og Nesskóli í september en Reyðarfjarðaskóli hefur verið einsettur frá haustinu 1995. Það hefur reynt afar kostnaðarsamt að einsetja grunnskólana og hefur sveitarfélagið skuldet sig allnokkuð vegna þess. Það er von mín að einsetning grunnskólanna leiði til enn betri árangurs í skólastarfi.

Á árinu gerðist það að erlendur ráðherra, Ritt Bjerregaard sjávarútvegsráðherra Dana (þáverandi) kom í opinbera heimsókn til Fjarðabyggðar og er það fyrsti erlendi ráðherrann sem heimsækir sveitarfélagið með formlegum hætti.

Rekstur sveitarfélagsins gekk bærilega á árinu og eru rekstrargjöld 84,89% af skatttekjum að frádregnum lífeyrisskuldbindingum. Ljóst er að sveitarfélög þurfa aukna tekjustofna til að standa undir þeim fjölmörgu verkefnum sem þeim eru falin.

Starfsmönnum sveitarfélagsins eru þokkuð vel unnin störf á árinu og íbúum Fjarðabyggðar gott samstarf og samvinna.

**Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri.**



## STARFSEMIN Á ÁRINU

## Forsíða

## Ávarp bæjarstjóra

## Starfsemin á árinu

## Fjármál og stjórnýsla

## Félagsþjónusta

## Fræðslumál

## Menningarmál

## Æskulýðs- og íþróttamál

## Umhverfismál

## Hafnarstödur

## Rafveita Reyðarfjarðar

## Samanburður á lykiltölum

## Ársreikningur 2001

## Fjármagnsyfirlit

## Rekstrar- og framkvæmdayfirlit

## Efnahagsreikningur

## Raunbreyting á peningalegri stöðu

## Lykiltölur

## Skýringar

**Fjármál og stjórnýsla**

Fjármála- og stjórnýslusvið sveitarfélagsins hefur umsjón með fjárreiðum, bókhaldi, annast gerð og framkvæmd fjárhagsáætlana, kjara- og starfsmannamála, fjarskipta- og tölvumála, tryggingarmála, manntala, innkaupastjórn og kostnaðareftirlit auk almennrar skrifstofustjórnunar. Skrifstofur eru í byggðakjörnunum þremur og eru starfsmenn 10 í 9,3 stöðugildum. Starfsemi sviðsins er samþætt með miðlægu tölvu- og símkerfi auk skýrra verkefnaskilgreininga. Á skrifstofunum eru afgreiðslur opnar alla virka daga og er íbúum veitt greið leið að þjónustu í gegnum þær.

**Stjórnýslan og nefndasvið**

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar er skipuð ellefu fulltrúum, sjö fulltrúum frá Fjarðalistanum, tveimur fulltrúum frá Framsóknarflokki og tveim fulltrúum frá Sjálfstæðisflokki. Forseti bæjarstjórnar frá 1998 er Smári Geirsson. Bæjarstjórn hélt 21 fund á árinu. Fjárhagsáætlun ársins 2002 var afgreidd þann 27. desember, ársreikningur 2000 ásamt þriggja ára áætlun Fjarðabyggðar og stofnana 2002 til 2005, þann 26. apríl. Auk þess staðfesti bæjarstjórn meðal annars skólastefnu Fjarðabyggðar, staðardagskrá 21, reglur um farandsölu og um fjárhagsaðstoð, breytingar á aðalskipulagi Eskifjarðar Neskaupstaðar og Reyðarfjarðar. Jafnframt voru samþykktar breytingar á samþykktum Fjarðabyggðar og Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar.

Bæjarráð er skipað 5 fulltrúum og eru þeir kosnir árlega úr hópi bæjarfulltrúa. Formaður bæjarráðs frá 1998 er Ásbjörn Guðjónsson. Bæjarráð hélt 39 fundi á árinu og tók fyrir á fundum sínum alls 439 mál sem bókuð eru sem dagskrárlíðir í fundargerðum ráðsins. Aðrar nefndir héldu alls 138 fundi. Fundir nefnda á vegum Fjarðabyggðar voru almennt haldnir til skiptis í byggðakjörnunum þremur.

**Starfsmannahald**

Á launaskrá Fjarðabyggðar árið 2001 voru alls 708 starfsmenn í 214,6 stöðugildum. Greiddar yfirvinnustundir voru 71.146. Launagreiðslur námu alls 501,4 millj. kr. Þar af voru nefndar og stjórnarlausn 11,6 millj. kr. Launatengd gjöld námu 77,8 millj. kr. Launagreiðslur voru mestar í fræðslumálum eða 188,3 millj. kr. og launatengd gjöld 34,7 millj. kr. Þar á eftir koma félagsmál með 94,1 millj. kr. og áhaldahús með 53,1 millj. kr. í launagreiðslur. Flestir starfsmenn voru hins vegar í málaflokknum „skrúðgarðar og útivist“, en þar eru útgjöld vegna vinnuskólans færð.

Laun í vinnuskóla námu 11,4 millj. kr. en breytt var reglum vinnuskólans og var lágmarks- og hámarksaldur færður upp um eitt ár. Á árinu var hafin vinna við gerð starfsmannastefnu og hefur þeirri vinnu miðað vel.

**Upplýsingamál**

Lögð hefur verið áhersla á að heimasíða sveitarfélagsins miðli sem best upplýsingum til íbúa og þeirra sem leita upplýsinga um Fjarðabyggð. Innihald síðunnar er efnismikið og er þar að finna haldgóðar upplýsingar um starfsemi sveitarfélagsins. Er hún uppfærð reglulega og viðhaldið þeim upplýsingum sem þar er að finna. Reglulega eru færðar inn á hana fundargerðir eftir því sem þær hafa hlotið staðfestingu. Ljóst er að tilkoma heimasíðunnar hefur bætt aðgengi íbúa að stjórnkerfi sveitarfélagsins og tryggt miðlun upplýsinga til þeirra sem eftir þeim leita. Hætt var að gefa út bæjarstjórnartíðindi sem innihéldu fundargerðir bæjarstjórnar og undirnefnda og geta áskrifendur þess í stað nálgast efni fundargerða á heimasíðunni, en þar eru allar fundargerðir sveitarfélagsins frá stofnun þess. Auk þess sem hægt er að nálgast þær á bókasöfnum Fjarðabyggðar. Upplýsinga- og kynningarfulltrúi hefur daglega umsjón með heimasíðunni en ritstjórn markar áherslur og stefnu í framsetningu hennar. Eins voru á árinu gefnir út upplýsingabæklingar um Fjarðabyggð og höfuðsöfnin þrjú á íslensku og ensku. eru bæklingarnir ætlaðir ferðamönnum og var þeim dreift víða innanlands og utan. Er ætlunin að þeir verði endurskoðaðir árlega fyrir endurútgáfu og dreifingu.

**Íbúapróun**

Íbúum Fjarðabyggðar fækkaði á árinu og voru þeir 3.063 þann 1. desember 2001. Hafði þeim fækkað um 33 frá árinu áður eða um 1,07%. Íbúar skiptust eftir byggðakjörnum þannig: Í Neskaupstað 1.486 á Eskifirði 958 og á Reyðarfirði 619. Karlar voru 1.574 og konur 1.489. Fjölmennasta gatan er Bleiksárhlið á Eskifirði en þar eru skráðir íbúar 230 talsins.

**Álagning skatta**

Á árinu 2001 var álagningarhlutfall útsvars 12,7%. Skatttekjur námu 787,8 millj. kr. á árinu 2001 eða 268 þús. kr. á hvern íbúa samanborið við 231 þús. kr. árið 2000. Raunhækkun á íbúa, að teknu tilliti til hækkunar útsvarsprósentu, er því 24 þús. kr. eða 10%. Heildarskatttekjur hækkuðu að raunvirði um 86,1 millj. kr. á milli árána 2000 og 2001.



## STARFSEMIN Á ÁRINU

## Forsíða

## Ávarp bæjarstjóra

## Starfsemin á árinu

## Fjármál og stjórnýsla

## Félagsþjónusta

## Fræðslumál

## Menningarmál

## Æskulýðs- og íþróttamál

## Umhverfismál

## Hafnarstöður

## Rafveita Reyðarfjarðar

## Samanburður á lykiltölum

## Ársreikningur 2001

## Fjármagnsyfirlit

## Rekstrar- og framkvæmdayfirlit

## Efnahagsreikningur

## Raunbreyting á peningalegri stöðu

## Lykiltölur

## Skýringar

## Fasteignagjöld

Fasteignagjöldin skiptast í fasteignaskatt, lóðarleigu, holræsgjald, vatnsgjald og sorphirðugjald


Álagning fasteignagjalda 2001 var með eftirfarandi hætti:

	2001	2000
1. Fasteignaskattur A:	0,38%	0,38%
Fasteignaskattur B:	1,650%	1,650%
2. Vatnsskattur:	0,27%	0,16%
af álagningarstofni.		
3. Holræsgjald:	0,15%	0,15%
af fasteignamati fasteigna.		
4. Sorphreinsunargjald:	5.500 kr.	
Sorpeyðingargjald:	4.500 kr.	
5. Lóðarleiga:	1,5%	1,5%
af lóðarmati.		
6. Aukavatnsskattur, pr.m <sup>3</sup> :	15,75 kr.	15 kr.

## Ráðstöfun skatttekna

Rekstur málaflokka nam 690,1 millj. kr. eða 87,59% af skatttekjum (84,89% án reiknaðra áfallinna lífeyrisskuldbindinga) en áætlun ársins gerði ráð fyrir 683,1 millj. kr. eða 84,85% af skatttekjum. Þess ber að geta að árið 2000 nam rekstur málaflokka um 86,8% af skatttekjum.


Stærsti málaflokkurinn sem fyrr var fræðslumál en í hann var veitt 34,1% af skatttekjum. Þar á eftir koma félagsmál með 14,9%, æskulýðs og íþróttamál með 8,1% og svo yfirstjórn sveitarfélagsins með 7,2%.




## Framkvæmdir og fjárfestingar

Fjárfestingar námu samtals 289,9 millj. kr. en þar vege þyngst byggingaframkvæmdir við Grunnskóla Eskifjarðar og Nesskóla, endurbuygging sundlaugar, nýbygging gatna og holræsa, og framkvæmdir við vatnsveitu.

## Fjárfestingar 2001



## Skipting skatttekna 2001





## STARFSEMIN Á ÁRINU

<b>Forsíða</b>
<b>Ávarp bæjarstjóra</b>
<b>Starfsemin á árinu</b>
Fjármál og stjórnýsla
<b>Félagsþjónusta</b>
Fræðslumál
Menningarmál
Æskulýðs- og íþróttamál
Umhverfismál
Hafnarsjóður
Rafveita Reyðarfjarðar
<b>Samanburður á lykiltölum</b>
<b>Ársreikningur 2001</b>
Fjármagnsyfirlit
Rekstrar- og framkvæmdayfirlit
Efnahagsreikningur
Raunbreyting á peningalegri stöðu
Lykiltölur
Skýringar

**Efnahagur**

Peningalegar eignir bæjarsjóðs nema 594,6 millj. kr. en námu 634,1 millj. kr. árið 2000.

Peningalegar eignir samanstanda af annars vegar veltufjármunum 195,5 millj. kr. og hins vegar áhættufjármunum og langtímakröfum sem nú nema 399,1 millj. kr.

Skuldir nema samtals 1.041,1 millj. kr. án áfallinna lífeyrisskuldbindinga og peningaleg staða er því neikvæð um 446,4 millj. kr. Sé tekið tillit til lífeyrisskuldbindinga sem nema 322,5 millj. kr. þá er peningaleg staða bæjarsjóðs neikvæð um 769,0 millj. kr.

Samsetning skulda er þannig að skammtímaskuldir nema 389,4 millj. kr. og svo langtímaskuldir sem eru að upphæð 651,7 millj. kr.

Veltufjárhlutfallið í lok ársins var 0,51 en var árið áður 0,63.

**Félagsþjónusta****Félagsmálanefnd**

Félagsmálanefnd starfar í umboði bæjarstjórnar Fjarðabyggðar og fer með stjórnun og framkvæmd félagsmála eftir því sem kveðið er á um í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Félagsmálanefnd fer með hlutverk barnaverndarnefndar, jafnréttisnefndar, húsnæðisnefndar og áfengisvararnefndar.

Samstarfssamningur er á milli Fjarðabyggðar og Mjóafjarðarhrepps um starfrækslu barnaverndarnefndar fyrir hreppinn.

Félagsmálanefnd fundaði 14 sinnum á árinu.

**Starfsemi félagsþjónustusviðs**

Stöðugildi við félagsþjónustusvið voru 11,9 þar af er 1 stöðugildi forstöðumanns félagsþjónustusviðs, 1 stöðugildi félagsmálafulltrúa til september en 0,7 stöðugildi eftir það og 1 stöðugildi húsnæðisfulltrúa.

Félagsþjónustusvið fer með framkvæmd félagslegrar þjónustu sveitarfélagsins. Starfsemi félagsþjónustunnar snýr einkum að því að að hjálpa fólki til sjálfshjálpar með ráðgjöf, upplýsingum og endurhæfingu svo og með nauðsynlegri fjárhagsaðstoð. Einnig að tryggja börnum viðunandi uppeldisskilyrði með því að styrkja

uppeldislutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Stefnt er að hvers konar starfi sem spornar gegn félagslegum vandkvæðum.

Megin verkefni félagsþjónustu eru:


- Barnavernd
- Forsjár- umgengnis- og ættleiðingamál
- Fósturmál og vistun
- Tilsjón, persónuleg ráðgjöf og stuðningsfjölskyldur
- Félagsleg ráðgjöf
- Fjárhagsaðstoð
- Félagsleg heimaþjónusta
- Daggæslumál
- Forvarnarmál og vímuvarnir
- Þjónusta við fatlaða
- Þjónusta við aldraða
- Húsnæðismál og húsaleigubætur
- Jafnréttismál
- Þjónustuhópur aldraða

**Barnavernd og fjölskyldumál**

Könnuð eru mál þar sem grunur vaknar um óviðunandi aðbúnað barna. Unnið er markvisst að því að breyta til hins betra högum barna sem búa við óviðunandi uppeldisaðstæður. Er það gert með ráðgjöf eða meðferð fyrir foreldra og börn. Hagnýtum úrræðum er beitt á grundvelli barnaverndarlaga og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og getur stuðningur í margvíslegu formi varað til lengri tíma.

Stuðningur og úrræði geta verið af ýmsum toga t.d. leiðbeiningar til foreldra um uppeldi og aðbúnað barna, barni útvegaður persónulegur ráðgjafi, barni útvegað leikskólalátt, börnum og foreldrum veitt viðtöl og sálfræðiaðstoð. Barni útveguð greiningar- og meðferðarvöl á Stuðlum, langtímadvöl á meðferðarheimili, skammtímafóstur eða sveitadvöl.

**Til almennatrygginga og félagshjálpar var varið 117,8 millj. kr. til rekstrar, eða 14,9% af skatttekjum**





## STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða
Ávarp bæjarstjóra
Starfsemin á árinu
Fjármál og stjórnýsla
Félagsþjónusta
Fræðslumál
Menningarmál
Æskulýðs- og íþróttamál
Umhverfismál
Hafnarsjóður
Rafveita Reyðarfjarðar
Samanburður á lykiltölum
Ársreikningur 2001
Fjármagnsyfirlit
Rekstrar- og framkvæmdayfirlit
Efnahagsreikningur
Raunbreyting á peningalegri stöðu
Lykiltölur
Skýringar

**Félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð**

Fjárhagsaðstoð er veitt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og sérstökum reglum sem bæjarstjórn setur. Rétt til fjárhagsaðstoðar eiga þeir sem eiga lögheimili í Fjarðabyggð og hafa tekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Aðstoðin getur verið í formi lána eða styrkja. Ýmsar ástæður geta legið að baki því að fólk þurfi á fjárhagsaðstoð að halda s.s. lág laun, atvinnuleysi eða veikindi. Starfsmenn félagsþjónustusviðs taka við umsóknum þar sem fram koma m.a. upplýsingar um fjölskyldustærð, atvinnu, húsnæði, tekjur o.fl.

**Málefni aldraðra**

Í Breiðabliki íbúðum aldraðra á Norðfirði eru 27 íbúðir, 9 hjónaíbúðir og 18 einstaklingsíbúðir. Þá er í húsinu setustofa, tómstundaaðstaða og aðstaða til líkamsþjálfunar. Breiðablik er tengt Fjórðungs-sjúkrahúsinu í Neskaupstað og er innangengt á milli stofnananna. Öryggiskerfi íbúða aldraðra er tengt vaktstöð sjúkrahússins.

Starfsmaður var ráðinn í 50% starf til þess að bæta þjónustu og auka öryggi íbúa Breiðabliks. Starfið felst í samverustundum, skipulagningu uppákoma, leikfimi, gönguferðum auk margháttads stuðnings og aðstoðar.

Á efstu hæð eldri hluta Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað hefur verið starfrækt ellideild frá árinu 1957. Þar er rými fyrir 11 einstaklinga. Þessi aðstaða er barn síns tíma og er þörf á að bæta hana.

Fjórir fundir voru haldnir með Heilbrigðisstofnun Austurlands þar sem framtíð ellideildarinnar var rædd.

Dvalarheimilið Hulduhlíð er á Eskifirði. Upphaflega var eingöngu um dvalarheimili að ræða en í dag er hjúkrunardeild rekin samhliða því. Í Hulduhlíð er aðstaða fyrir 17 á hjúkrunardeild og 7 á dvalarheimili. Á Reyðarfirði eru fimm íbúðir fyrir aldraða að Sunnugerði 7.

Aldraðir og öryrkjar eiga þess kost að fá heimsendan mat á niðurgreiddu verði.

**Félagsstarf aldraðra**

Í Fjarðabyggð eru þrjú félög eldri borgara. Félögin eru kraftmikil og standa fyrir öflugum félagsstarfi. Félögin á Eskifirði og á Norðfirði hafa fengið sitt hvort húsið til fullra umráða fyrir starfsemi sína, Sigfúsarhús á Norðfirði og Melbæ á Eskifirði. Félagið á Reyðarfirði hefur haft aðstöðu fyrir starfsemi sína í safnaðarheimili Reyðarfjarðarkirkju, en unnið er að því að kanna hvernig best verði staðið að félagsaðstöðu fyrir það í framtíðinni.

Að auki rekur félagsþjónustusvið fjölbreytt félags- og tómstundastarf í íbúðum aldraðra í Breiðabliki á Norðfirði, dvalarheimilinu Hulduhlíð á Eskifirði og safnaðarheimilinu á Reyðarfirði. Tveir starfsmenn sinna leiðbeinendastörfum að jafnaði á hverjum stað og sækja þeir reglulega námskeið til að læra ný vinnubrögð og aðferðir til að auka fjölbreytni starfsins. Stöðugildi við félagsstarf aldraðra eru 2,6.

**Félagsleg heimaþjónusta**

Heimaþjónusta er veitt þeim sem geta ekki hjálparlaust séð um heimilishald vegna skertrar getu eins og veikinda, álags, öldrunar eða fötlunar. Reynt er að stuðla að einstaklingsmiðaðri heimaþjónustu svo þeir sem á henni þurfa að halda geti búið við eðlilegt heimilislíf í umgengni við aðra svo lengi sem verða má. Áður en aðstoð er veitt er þjónustuþörfin metin af starfsmönnum félagsþjónustusviðs, þegar við á í, samráði við heilsugæslu eða Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra. Jöfn eftirspurn var eftir heimaþjónustu allt árið og tókst að útvega öllum þjónustu sem eftir henni sóttu og biðlistar mynduðust ekki. Alls nutu 62 heimili heimaþjónustu. Stöðugildi í heimaþjónustu eru 4,7.

**Daggæslumál**

Fjórar daggæður störfuðu í sveitarfélaginu samkvæmt reglugerð nr. 198/1992 um daggæslu barna í heimahúsum. Foreldrar greiða fyrir daggæslu samkvæmt taxta viðkomandi dagmóður og fá mismun leikskólagjalds og gjalds dagmóður endurgreitt. Kostnaður foreldra er því ekki meiri en sem nemur leikskólagjaldi.

**Málefni fatlaðra**

Starfsmenn félagsþjónustusviðs hafa samvinnu við Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Austurlandi. Þjónusta við fatlaða miðar að því að tryggja þeim sambærileg lífskjör og jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna. Þjónusta við fatlaða er aðallega fólgin í almennri ráðgjöf, ferðaþjónustu, aðstoð vegna húsnæðismála, atvinnumála og félagslegri liðveislu. Með félagslegri liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun. Liðveislan felur í sér að aðstoða einstaklinginn við að komast af heimili sínu til að njóta menningar- og félagslífs og annarrar dægrastyttingar. Miðað er að því að veita félagslega liðveislu eins og best hentar þörfum hvers einstaklings.

Sérútbúin bifreið var keypt til þess að sinna akstursþjónustu fatlaðra og starfsmaður ráðinn í 70% starf.



## STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða
Ávarp bæjarstjóra
Starfsemin á árinu
Fjármál og stjórnýsla
Félagsþjónusta
Fræðslumál
Menningarmál
Æskulýðs- og íþróttamál
Umhverfismál
Hafnarsjóður
Rafveita Reyðarfjarðar
Samanburður á lykiltölum
Ársreikningur 2001
Fjármagnsyfirlit
Rekstrar- og framkvæmdayfirlit
Efnahagsreikningur
Raunbreyting á peningalegri stöðu
Lykiltölur
Skýringar

**Þjónustuíbúðir fatlaðra**

Við Bakkabakka á Norðfirði var tekið í notkun fjögurra íbúða hús sem var sérhannað miðað við þarfir fatlaðra og voru íbúðirnar afhentar í júní 2001. Þetta var samstarfsverkefni Fjarðabyggðar og Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Austurlandi. Þrjár íbúðir eru í eigu Fjarðabyggðar en fjórða íbúðin er ætluð fyrir skammtímavistun og er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Skammtímavistun er hvíldarþjónusta sem er veitt til að létta álagi af fjölskyldum fatlaðra og vera tilbreyting fyrir viðkomandi einstaklinga.

**Forvarnir**

Stýrihópur um forvarnir hefur starfað frá 1999. Í hópnum er fólk frá heilsugæslunni, grunnskólunum, Verkmenntaskóla Austurlands, kirkjunni, lögreglunni, félagsþjónustunni og íþrótt- og tómtundafultrúi. Stýrihópi er ætlað að vinna að því að móta og viðhalda heildstæðri forvarnastefnu í sveitarfélaginu með áherslu á fordómalaus fræðslu í stað hræðsluáróðurs og upphlaupa. Stýrihópurinn hefur fengið fjölmarga aðila til samvinnu um að útbúa forvarnaáætlun sem miðar að því að sem flestir fái skilgreind hlutverk og ábyrgð á tilteknum verkefnum.

Stýrihópur kom saman sjö sinnum og bauð mörgum á fundi til að heyra raddir þeirra sem vilja leggja sitt af mörkum til forvarna í sveitarfélaginu. Meðal þeirra sem komu á fundi stýrihóps voru nemendur úr grunnskólum Fjarðabyggðar og Verkmenntaskóla Austurlands.

**Viðburðir sem tengdust forvörnum:**

Í apríl var forvarnaverkefni á vegum félagsþjónustunnar, lögreglunnar og Marita forvarna- og fræðslustarfs. Verkefnið var fyrir tvo elstu árganga grunnskólanna og tvo yngstu árganga Verkmenntaskóla Austurlands, foreldra þeirra og kennara. Í verkefninu er lögð áhersla á að nemendur geri upp hug sinn gagnvart fíkniefnum. Mikilvægt er að þeir hafi tekið afstöðu áður en þeir lenda í kringumstæðum þar sem fíkniefna er neytt en þurfi þá ekki að taka ákvörðun í skyndingu og hugsanlega undir miklum þrýstingi hópsins. Síðari hluti verkefnisins voru fundir með foreldrum og kennurum þar sem fjallað var um það sem farið var yfir með nemendum og rætt um til hvaða ráða væri hægt að grípa ef grunur vaknaði um neyslu.

Í maí kom Jóhann Thoroddsen sálfræðingur hjá SÁÁ á fund með íþróttabjálfurum, starfsfólki félagsmiðstöðva og leiðbeinendum vinnuskóla. Jóhann ræddi m.a. um forvarnir og mikilvægi þess að þeir sem vinna með börnum séu góðar fyrirmyndir jafnt í einkalífi sem og í vinnu.

Í júlí komu fulltrúar frá jafningjafræðslunni og ræddu við nemendur vinnuskólans.

Í ágúst hóf Fjarðabyggð þátttöku í verkefninu „Ég er húsið mitt“ með það að leiðarljósi að aðstoða foreldra við forvarnir fyrir börn á aldrinum 4-11 ára. Verkefnið felst í því að bókum er dreift til foreldra og barna. Í bókunum er líkamanum líkt við hús sem hver og einn lærir að umgangast af ábyrgð, umhyggju og virðingu. Einnig er lögð áhersla á mikilvægi leiðbeinandi og verndandi reglna í fjölskyldum.

Í október komu Jónína Bjartmarz og Kristbjörg Hjaltadóttir frá Landsamtökunum Heimili og Skóli og aðstoðuðu við að koma á samningi við foreldra allra barna í 6., 7. og 8. bekk. Samningnum er ætlað að vekja foreldra til umhugsunar og ábyrgðar og gera þeim grein fyrir mikilvægi sínu sem fyrirmyndir barna sinna. Í samningnum er einnig verið að styðja foreldra til að sameinast um að halda ákveðnar grundvallarreglur og styrkja í baráttunni gegn vímuefnaneyslu og reykingum.

**Jafnréttismál**

Jafnréttisstofa gekkst fyrir fjögurra málþinga röð sem sem kallaðist „Það læra börn...málþing um jafnrétti í samstarfi foreldra við fæðingu barns.“ Eitt málþing var haldið í hverjum, landsfjórðungi. Málþingið á Austurlandi var haldið á Reyðarfirði í samvinnu við félagsmálanefnd.

Í mars var haldin 160 klukkustunda menntasmiðja fyrir atvinnuleitendur í samvinnu félagmálanefndar, Fræðslunets Austurlands og Svæðisvinnumiðlunar Austurlands. Menntasmiðjuna sóttu 10 konur og einn karl. Helstu námsþættir voru: Listsköpun, tjáning, sjálfsefning, tölunám, upplýsingatækni og fjármál.



## STARFSEMIN Á ÁRINU

<b>Forsíða</b>	<b>Húsnæðismál</b>
<b>Ávarp bæjarstjóra</b>	Á árinu voru þrjár eignir innleystar. Ein íbúð í parhúsi, ein íbúð í fjölbýlishúsi og eitt einbýlishús.
<b>Starfsemin á árinu</b>	<b>Reyðarfjörður</b>
<b>Fjármál og stjórnábylgja</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>1 parhús 5 herbergja</li> </ul>
<b>Félagsþjónusta</b>	<b>Eskifjörður</b>
<b>Fræðslumál</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>1 einbýlishús 4 herbergja</li> </ul>
<b>Menningarmál</b>	<b>Neskaupsstaður</b>
<b>Æskulýðs- og íþróttamál</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>1 íbúð í fjölbýlishúsi 5 herbergja</li> </ul>
<b>Umhverfismál</b>	<b>Sala íbúða</b>
<b>Hafnarsjóður</b>	Gengið var frá sölu á fjórum íbúðum.
<b>Rafveita Reyðarfjarðar</b>	<b>Reyðarfjörður</b>
<b>Samanburður á lykiltölum</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>1 íbúð í fjölbýlishúsi 2 herbergja</li> </ul>
<b>Ársreikningur 2001</b>	<b>Eskifjörður</b>
<b>Fjármagnsyfirlit</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>1 íbúð í fjölbýlishúsi 2 herbergja</li> <li>1 íbúð í fjölbýlishúsi 4 herbergja</li> </ul>
<b>Rekstrar- og framkvæmdábylgja</b>	<b>Neskaupsstaður</b>
<b>Efnahagsreikningur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>1 íbúð í fjölbýlishúsi 5 herbergja</li> </ul>
<b>Raunbreyting á peningalegri stöðu</b>	<b>Umsóknir</b>
<b>Lykiltölur</b>	Alls bárust 27 umsóknir um leiguhúsnæði á árinu. Nýir húsaleigusamningar voru gerðir við 13 einstaklinga. Í árslok 2001 var 21 íbúð laus.
<b>Skýringar</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Reyðarfjörður 7 íbúðir</li> <li>Eskifjörður 6 íbúðir</li> <li>Norðfjörður 8 íbúðir</li> </ul>
	<b>Leiguíbúðir</b>
	Leiguíbúðir Fjarðabyggðar á árinu voru 106. Þar af voru 32 leiguíbúðir fyrir aldraða.

**Húsaleigubætur**

Alls bárust 21 umsókn um húsaleigubætur. Tíu bótaþegar hættu á árinu. Bætur voru greiddar til 59 einstaklinga að meðaltali á mánuði. Greiddar húsaleigubætur námu alls 7,5 milljónum kr.

**Fræðslumál****Fræðslunefnd**

Fræðslunefnd fer með málefni leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla samkvæmt lögum um viðkomandi stofnanir. Nefndin fer með íþrótt- og æskulýðsmál í bæjarfélaginu. Auk verkefna sem fræðslunefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.

Fræðslunefnd hélt 15 fundi á árinu 2001. Áfram voru veittir námsstyrkir á árinu 2001 og höfðu í árslok 2001 verið veittir 25 styrkir til 22 aðila, flestir til aðila sem eru við nám í grunnskólaskori en einnig til nemenda við leikskólaskor, íþróttakennaraskor o.fl. Flestir styrkþegar eru í fjarnámi.


Faghópur þriggja sérkennara og aðila frá Skólaskrifstofu Austurlands hélt áfram starfi sínu. Aðilar frá leikskólunum komu einnig að vinnu hópsins. Þrjú af meðlimum teymisins fóru m.a. í kynnisferð til Noregs vegna þessara mála.

Fjarðabyggð var annað árið í röð þátttakandi í samanburðarverkefni VSÓ ráðgjafar ehf. á Akureyri. Í verkefninu voru bornir saman kostnaðarliðir hjá nokkrum sveitarfélögum auk annarra upplýsinga í grunnskólum, leikskólum og æskulýðs- og íþróttamálum.

Herdís Hulda Guðmannsdóttir nemandi í Grunnskóla Eskifjarðar var sigurvegari í Fjarðabyggð í ritgerðarsamkeppni um Færeyyjar. Verðlaunin voru ferð fyrir hana og bekkjarfélagi hennar til Færeyyja.

Lokið var við skólafestu fyrir grunnskóla Fjarðabyggðar og á vormánuðum voru haldnir fundir með fræðslunefnd og starfsfólki grunnskólanna

**Til fræðslumála var varið 269,0 millj. kr. til rekstrar, eða 34,1% af skatttekjum**





## STARFSEMIN Á ÁRINU

<b>Forsíða</b>
<b>Ávarp bæjarstjóra</b>
<b>Starfsemin á árinu</b>
<i>Fjármál og stjórnýsla</i>
<i>Félagsþjónusta</i>
<i>Fræðslumál</i>
<b>Menningarmál</b>
<i>Æskulýðs- og íþróttamál</i>
<i>Umhverfismál</i>
<i>Hafnarsjóður</i>
<i>Rafveita Reyðarfjarðar</i>
<b>Samanburður á lykiltölum</b>
<b>Ársreikningur 2001</b>
<i>Fjármagnsyfirlit</i>
<i>Rekstrar- og framkvæmdayfirlit</i>
<i>Efnahagsreikningur</i>
<i>Raunbreyting á peningalegri stöðu</i>
<i>Lykiltölur</i>
<i>Skýringar</i>

**Grunnskólar**

Þrjú grunnskólar eru starfandi í Fjarðabyggð og eru þeir allir einsetnir. Þeir eru Grunnskóli Eskifjarðar, Grunnskóli Reyðarfjarðar og Nesskóli. Skólaárið 2001-2002 voru 473 nemendur í skólunum. Stöðugildi kennara og leiðbeinenda voru um 46 og hlutfall réttindakennara var um 58% í grunnskólunum árið 2001.

Nemendur í almennum bekkjardeildum skiptust þannig á skólana skólaárið 2001-2002:

- Grunnskóli Reyðarfjarðar  
101 nemendur í 10 bekkjardeildum.  
Sex bekkjardeildum var kennt að hluta í samkenslu.
- Grunnskóli Eskifjarðar  
149 nemendur í 10 bekkjardeildum.
- Nesskóli  
223 nemendur í 15 bekkjardeildum.

Áfram var unnið við viðbyggingar skólanna á Eskifirði og í Neskaupstað. Skóladagheimili eru starfandi við alla skólana þrjú.

**Leikskólar**

Fjarðabyggð rekur þrjú leikskóla fyrir börn á aldrinum eins til sex ára. Þeir eru Dalborg á Eskifirði, Lyngholt á Reyðarfirði og Sólvellir í Neskaupstað. Stöðugildi við leikskólana voru um 32, auk starfa í eldhúsum og við ræstingar. Hlutfall leikskólakennara var um 25%.

Um 200 börn voru að jafnaði á leikskólunum og var boðið upp á 4 - 4,5 - 5 - 6 - 7 - 8 - 8,5 eða 9 vistunarstundir daglega. Á árinu voru um 25 - 30 börn að meðaltali á biðlistum, aðallega á Sólvöllum.

**Tónskólar**

Fjarðabyggð rekur tvo tónskóla. Þeir eru Tónlistarskóli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar og Tónskóli Neskaupstaðar og er í þeim kennt á öll helstu hljóðfæri.

Á haustönn 2001 voru 124 nemendur í Tónskóla Eskifjarðar og Reyðarfjarðar og 106 í Tónskóla Neskaupstaðar. Stöðugildi við tónskólana voru 7,7. Skólinn á Eskifirði flutti starfsemi sína að Strandgötu 53 á árinu.

**Menningarmál****Menningarnefnd**

Menningarnefnd fer með málefni bókasafna samkvæmt ákvæðum laga um almenningsbókasöfn. Einnig fer nefndin með málefni annarra safna samkvæmt ákvæðum laga og samninga þar um. Þá tilnefdir nefndin í stjórn Héraðsskjalasafns, Náttúrustofu Austurlands og Sjóminjasafns Austurlands. Tilnefningar nefndarinnar eru háðar samþykki bæjarstjórnar. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun gamalla húsa og fornra minja skv. Þjóðminjalögum. Þá skal nefndin sinna málefnum söguritunar og menningarmálum í víðasta skilningi. Auk verkefna sem menningarnefnd hefur með höndum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með samþykktum og erindisbréfum.

Menningarnefnd hélt 10 fundi á árinu 2001. Ennfremur voru haldnir fundir í ráðgjafahópum um safna- og bókasafnmál og verzlunarafmælisnefnd Eskifjarðar.

Fjarðabyggð gerðist hluthafi í félagi vegna kaupa á Aleph 500, upplýsingakerfi fyrir bókasöfn. Kerfið verður vonandi tekið í notkun á næstu misserum í öllum söfnunum þremur.

Menntamálaráðuneytið veitti 600.000.- kr. styrk vegna upplýsingatæknivæðingar á bókasöfnunum. Sama upphæð var lögð í verkefnið af Fjarðabyggð.

Húsafríðunarnefnd veitti 900.000.- kr. styrk vegna framkvæmda við Jensenshúss á Eskifirði.

Að frumkvæði Magna Kristjánssonar var sett upp sýning í lok september á verkum Trygga Ólafssonar í væntanlegu framtíðarhúsnæði safns um verk Tryggva og kom menningarnefnd að því verkefni.

Unnið var að ritun sögu Reyðarfjarðar sem hófst árið 1999 og einnig ritun sögu Norðfjarðar.

Menningarnefnd var þátttakandi í samstarfsverkefni við Félag Íslenskra Tónlistarmanna um tónleikahald á landsbyggðinni. Tónleikar Guðmundar Kristmundssonar víóluleikara og Hávarðs Tryggvasonar kontrabassaleikara í Kirkju- og menningarmiðstöðinni í lok september voru hluti af því samstarfi.

Framhaldið var vinnu að heimildarmynd um dýralíf og náttúru í Fjarðabyggð. Myndin verður vonandi tilbúin til sýninga á árinu 2002.

Eins og undanfarin ár voru veittir styrkir til ýmissa menningartengdra mála á árinu.



## STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða
Ávarp bæjarstjóra
<b>Starfsemin á árinu</b>
Fjármál og stjórnýsla
Félagsþjónusta
Fræðslumál
Meningarmál
<b>Æskulýðs- og íþróttamál</b>
Umhverfismál
Hafnarsjóður
Rafveita Reyðarfjarðar
<b>Samanburður á lykiltölum</b>
<b>Ársreikningur 2001</b>
Fjármagnsyfirlit
Rekstrar- og framkvæmdayfirlit
Efnahagsreikningur
Raunbreyting á peningalegri stöðu
Lykiltölur
Skýringar

**Bókasöfn**

Þrjú bókasöfn eru í Fjarðabyggð.

Bókakostur safnsins á Eskifirði taldi 16.932 bækur í árslok 2001, þ.a. voru 3.939 bækur sem tilheyra skólasafninu en safnið á Eskifirði er samstæðusafn. Útlán safnsins voru 6.889.

Bókakostur safnsins á Reyðarfirði taldi 6.507 bækur í árslok 2001. Útlán safnsins voru 2.446 á árinu. Bókakostur safnsins í Neskaupstað taldi 18.251 bækur í árslok 2001. Útlán safnsins voru 5.757 á árinu.

**Önnur söfn**

Í Fjarðabyggð eru þrjú aðalsöfn:

- Íslenska Stríðsárasafnið á Reyðarfirði
- Náttúrugripasafnið í Neskaupstað
- Sjóminjasafn Austurlands á Eskifirði

Söfnin sóttu heim um 5.000 manns á árinu. Um 2.400 komu á Íslenska Stríðsárasafnið, um 800 á Náttúrugripasafnið og um 1.800 á Sjóminjasafnið. Var þar um að ræða bæði erlenda og innlenda gesti.

**Safn Jósafats Hinrikssonar**

Fyrirhugað er að setja safnið upp á árinu 2003 og mun það verða staðsett í Neskaupstað.

Unnið var að stofnun sjálfseignarstofnunar um safnið og í árslok var þeirri vinnu nánast lokið. Einnig voru allir munir safnsins fluttir til Neskaupstaðar á árinu og þeim komið í geymslu. Nefnd um safn Jósafats hélt 8 fundi á árinu.

**Myndasafnið á Eskifirði**

Skráningu myndasafnsins á Eskifirði á tölvutækt form lauk að mestu í upphafi árs. Eftir er að skrá glernegatífur og er áætlað að ljúka þeirri skráningu á árinu 2002.

Í safninu eru um 10.000 myndir og myndaplötur. Safnið er ekki aðgengilegt fyrir almenning enn sem komið er, en stefnt er að því þegar skráningu lýkur.

**Skjala- og myndasafn Neskaupstaðar**

Safnið er ekki opið almenningi en upplýsingar um það veitir safnvörður. Þar eru geymd ýmis skjöl og myndir frá Neskaupstað fyrir sameiningu sveitarfélaganna.

Ennfremur er Fjarðabyggð aðili að Héraðsskjalasafni Austurlands og eru ýmis skjöl tengd gömlu sveitarfélögunum þremur, Eskifjarðarkaupstað, Neskaupstað og Reyðarfjarðarhreppi geymd þar.


**Æskulýðs- og íþróttamál****Íþróttamál**

Æskulýðs- og íþróttafulltrúi er starfandi í Fjarðabyggð í fullu starfi. Helstu hlutverk hans er yfirumsjón með æskulýðs- og íþróttamálum, umsjón með íþróttamannvirkjum og æskulýðsmiðstöðvum og samskipti við íþróttafélögin. Petrún Bj. Jónsdóttir lét af störfum sem æskulýðs- og íþróttafulltrúi í september 2001 og var ráðin í hennar stað Sigríður Árnadóttir. Þrjú og hálf stöðugildi eru við félagsmiðstöðvarnar og við íþróttamannvirkin eru 11 stöðugildi.

**Íþróttamannvirki**

Aðstaða til ástundunar íþróttar er ágæt.

- Í Neskaupstað er íþróttahús (45m x 22m), sundlaug (25m x 8,3m), grasvöllur, malarvöllur og lítið æfingarsvæði fyrir knattspyrnu.
- Á Eskifirði er íþróttahús (27m x 14m) yfir vetrarmánuðina en á vorin er gólfíð tekið af húsinu og það nýtt sem sundlaug (12m x 6m) yfir sumartímann. Grasvöllur er á Eskifirði til knattspyrnuíðkunar svo og malarvöllur.
- Á Reyðarfirði er íþróttahús (27m x 15m) yfir vetrarmánuðina en á vorin er gólfíð tekið af húsinu og það nýtt sem sundlaug (16,6m x 8m) yfir sumartímann líkt og á Eskifirði. Grasvöllur til knattspyrnuíðkunar er á Reyðarfirði svo og sparkvöllur.

**Til æskulýðs- og íþróttamála var varið 64,2 millj. kr. til rekstrar, eða 8,1% af skatttekjum**



## STARFSEMIN Á ÁRINU

<b>Forsíða</b>
<b>Ávarp bæjarstjóra</b>
<b>Starfsemin á árinu</b>
<i>Fjármál og stjórnýsla</i>
<i>Félagsþjónusta</i>
<i>Fræðslumál</i>
<i>Menningarmál</i>
<b>Æskulýðs- og íþróttamál</b>
<i>Umhverfismál</i>
<i>Hafnarsjóður</i>
<i>Rafveita Reyðarfjarðar</i>
<b>Samanburður á lykiltölum</b>
<b>Ársreikningur 2001</b>
<i>Fjármagnsyfirlit</i>
<i>Rekstrar- og framkvæmdayfirlit</i>
<i>Efnahagsreikningur</i>
<i>Raunbreyting á peningalegri stöðu</i>
<i>Lykiltölur</i>
<i>Skýringar</i>

Sundlaug Norðfjarðar er komin til ára sinna og hófst vinna við endurbætur á henni á árinu og er áætlað að hún opni aftur í byrjun sumars árið 2002. Sundlaugin er opin í u.þ.b. 10 mánuði á ári og eru gestir árlega um 25.000 og hefur fjöldi þeirra aukist síðustu ár. Sundlaugarnar á Reyðarfirði og Eskifirði eru opnar í u.þ.b. 5 mánuði á ári og sækja hvora laug um 6.500 gestir þann tíma.

Sundnámskeið grunnskólanna fara fram á haustin og vorin auk þess sem sundlaugarnar hafa boðið upp á námskeið fyrir börn á aldrinum 4 - 6 ára. Námskeiðin eru haldin í byrjun sumars og hafa alla jafna verið vel sótt.

**Íþróttavellir**

Grasvellir eru í öllum byggðakjörnum og hefur ástand þeirra verið misgott. Unnið var að uppbyggingu þeirra á árinu og mun því vera framhaldið. Íþróttafélögin hafa verið með rekstrarsamninga og sjá þannig um daglegan rekstur vallanna.

**Íþróttahús**

Íþróttahúsin eru vel nýtt. Á morgnana eru skólarnir með húsin og íþróttafélögin eru svo með sitt starf seinni hluta dagsins. Einnig eru tímar leigðir út til almennings. Íþróttafélögin í Fjarðabyggð hafa ótakmarkaðan aðgang af húsunum og eru þau afnot millifærð sem styrkur til félaganna.

	Skólar klst.	Íþr.félög klst.	Leiga klst.
Eskifjörður	500	650	200
Norðfjörður	720	990	120
Reyðarfjörður	500	575	200

**Önnur íþróttaaðstaða**

Golfvellir eru á Norðfirði og Eskifirði. Báðir eru 9 holu góðir vellir sem hafa verið í stöðugri uppbyggingu. Bæjarfélagið hefur styrkt golfklúbbanna til uppbyggingar á völlum en þeir eru í þeirra eigu og rekstur alfarið í þeirra höndum. Þó nokkur fjölgun hefur orðið á iðkendum golfíþróttarinnar og fer ferðamönnum fjölgandi sem leggja leið sína á vellina.

Hestamannafélagið Blær er með sína aðstöðu á Kirkjubólseyrum í Norðfirði og þar hefur félagið komið upp félagsheimili og eru uppi áætlanir um að endurbyggja skeiðvöll og aðra aðstöðu til keppnisiðkunar.

Skotiþróttafélagið Dreki er ört stækkandi félag og er það að hefja mikla uppbyggingu á úthlutuðu svæði sínu undir Hólmgærðarfjalli ofan við Eskifjörð.

**Íþróttalífið**

Fjarðabyggð rak í samvinnu við íþróttafélögin íþrótt- og leikjanámskeið fyrir börn á aldrinum 5-11 ára á árinu og tókst ágætlega til.

Íþróttalíf er almennt gott og fjölbreytt í sveitarfélaginu og með góðum stuðningi og samvinnu við íþróttafélögin er sem flestum gert kleift að rækta heilbrigða sál í hraustum líkama.

**Félagsmiðstöðvar**

Í Fjarðabyggð eru þrjár félagsmiðstöðvar, ein í hverjum byggðarkjarna. Knellan á Eskifirði, Atóm í Neskaupstað og Zveskjan á Reyðarfirði.

Haustið 2001 tóku nýir forstöðumenn, þær Sigríður Margrét Guðjónsdóttir og Vigdís Þ. Sigurðardóttir, til starfa við félagsmiðstöðvarnar Atóm og Zveskjuna. Félagsmiðstöðvarnar voru opnar 18-20 klst. á viku yfir vetrartímamann. Forstöðumenn félagsmiðstöðvanna eru ráðnir í heilsársstarf og skipulagt sumarstarf hófst í félagsmiðstöðvunum á árinu 2001 og mun það verða aukið og eflt í samstarfi við vinnuskólann árið 2002.

**Skíðamiðstöðin í Oddsskarði**

Á skíðasvæði Fjarðabyggðar í Oddsskarði er góð aðstaða til iðkunar skíða- og útivistariþróttar. Togbrautirnar eru þrjár, Sólskinsbraut, Goðabraut og Selbraut í misbröttu landi. Skálinn er rúmgóður og biður uppá gistingu hópa. Framkvæmdir voru þónokkrar á svæðinu árið 2001 í tengslum við jarðvegsflutninga og stórgrýtishreinsanir til að bæta alla aðstöðu til skíðaiðkunar á svæðinu.

Opnunardagar á árinu 2001 voru 69, sem er frekar lítið, en veturinn var fremur snjóléttur framan af. Um 200 manns keypu árskort og seld dagskort voru um 1.400 talsins.



## STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða
Ávarp bæjarstjóra
Starfsemin á árinu
Fjármál og stjórnýsla
Félagsþjónusta
Fræðslumál
Menningarmál
Æskulýðs- og íþróttamál
<b>Umhverfismál</b>
Hafnarsjóður
Rafveita Reyðarfjarðar
<b>Samanburður á lykiltölum</b>
<b>Ársreikningur 2001</b>
Fjármagnsyfirlit
Rekstrar- og framkvæmdayfirlit
Efnahagsreikningur
Raunbreyting á peningalegri stöðu
Lykiltölur
Skýringar

**Umhverfismál**

Undir umhverfismálasvið heyrja skipulags-, byggingar- og umferðarmál ásamt öllu því sem snýr að umhverfismálum í Fjarðabyggð. Á umhverfismálasviði eru sex starfsmenn.

**Umhverfismálanefnd**

Umhverfismálanefnd fer með málefni byggingar- og skipulagsnefndar, umferðarnefndar auk þess að fjalla um öll þau málefni sem snerta umhverfismál, s.s. náttúrvernd, gróðurverndarmál o.fl.

Á árinu 2001 hélt nefndin 19 fundi. Mest var um málefni tengd byggingar- og skipulagsmálum. Unnið var að nýrri umferðarsamþykkt fyrir Fjarðabyggð en hún var ekki samþykkt fyrr en eftir áramótin 2001-2002. Þá var einnig fjallað um ýmis umhverfismál og haldnir borgarafundir í hverjum þéttbýliskjarna þar sem fólki var gefinn kostur á að hitta fulltrúa í nefndinni og koma með fyrirspurnir og ábendingar.

**Tæknideild**

Tæknideild hefur aðsetur á tveim stöðum í sveitarfélaginu. Í Neskaupstað situr forstöðumaður umhverfismálasviðs og yfirmaður verklegra framkvæmda en á Eskifirði sitja starfsmaður byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúi. Undir umhverfismálasvið heyrja einnig garðyrkjustjóri og slökkviliðsstjóri sem báðir eru staðsettir á Eskifirði.

**Áhaldahús og vélamiðstöð**

Áhaldahús bæjarins eru þrjú, eitt í hverjum þéttbýliskjarna. Trésmíðadeildir eru einnig þrjár. Starfsmenn í áhaldahúsum og trésmíðadeildum eru alls 18. Á vegum áhaldahúsanna eru gerðir út tveir vegheflar, jarðýta, Broyt grafa, tvær traktorsgröfur, tveir vörubílar, tveir traktorar auk 16 smærri bíla.

Áhaldahúsin sjá um viðhald og eftirlit með vatnsveitum Fjarðabyggðar, viðhaldi gatna og holræsa, umferðarmerkja, framleiða malbik í malbikunarstöðinni í Neskaupstað og sinna alhliða verkefnum og þjónustu við íbúa og stofnanir Fjarðabyggðar.

**Götur, vatnslagnir og holræsi**

Af helstu verkefnum sem unnin voru á árinu má telja að haldið var áfram framkvæmdum við endurnýjun lagna og slitlags á aðalgötunni í Neskaupstað. Tekinn var fyrir austurendi Egilsbrautar auk þess sem lokið var við vesturenda Nesgötu. Lagt var bundið slitlag (yfirlögn) á

Skólaveg og endurnýjaðar lagnir sem þvera hann og niður í Nesgötu. Gert var við til bráðabirgða skemmda útrás við bræðslu en endurnýja þarf hana ásamt viðbótum vegna aukins álags. Þá var steypdur kantsteinn og gerð gangstétt frá Nesgötu 7 að Egilsbraut 25 um leið. Lokið var frágangi á skólalóð milli íþróttahúss og Nesskóla, göngustigur malbikaður og sett upp lýsing. Gangstétt var malbikuð á hluta af Bakkavegi og á hluta af Sverristúni auk minni viðgerða víða. Lagt var yfirlag á gatnamót Piljuvalla, Hlíðargötu og Hólsögötu og gengið frá þökulögn við vegkant. Gerð var ný tenging frá Leiruvegi að Norðfjarðarvegi og lögð á hana klæðning. Lóð við sambýli fatlaðra, Bakkabakka 15, var lokið þ.e. malbik, hellulögn og þökulagning. Lögð var klæðning (neðra lag) á hluta Melagötu og á Leiruveg við smábátahöfn að sorpgámavelli. Lokið var við frágang lóðar við Hafnarvogina.

Á Reyðarfirði voru lagðar lagnir í Stekkjargrund, og Stekk. Lagt var bundið slitlag á báðar göturnar (Stekkjargrund að hálfu 90 metrar). Lögð var ný skolplögn frá Stríðsárasafninu og sett þar rotþró. Skolplögn sem lá frá Ásgerði í læk til sjávar var tengd holræsakerfinu og lækurinn þar með laus við allt skolp. Endurbætt voru bílastæði fyrir stóra bíla við Heiðarveg. Kantsteinar voru settir á Heiðarveg, Hjallaveg, Sunnugerði og Túngötu. Gangstéttar voru malbikaðar á Mánagötu, Heiðarvegi, Hjallavegi og Búðareyri alls um 600 metrar. Þá var lögð vatnslögn í Leiruvog og vatn tengt frá Búðareyri að Stekk, Stekkjarbrekku og Stekkjargrund. Þá var tekið efni úr Oddnýjarhæð við Sunnugerði til að minnka sandfok úr melnum og efnið sett í fyllingar við höfnina. Gert var við og endurnýjuð að hluta hitaveitulögn frá íþróttahúsi að grunnskóla og leikskóla.

Á Eskifirði voru endurnýjaðar og lagðar lagnir og niðurföll í botnlanga við Strandgötu 15 og lagt á hann malbik. Lokið var við frágang á umhverfi Túngötu og Bakkastig, sem malbikaðar voru á síðasta ári. Lokað var læk þar sem í er holræsi frá Bleiksárhlíð og undirbúið að ná holræsinu úr læknum sem fer þá lokaður til sjávar nú. Lokið var við holræsaframkvæmdir við Ljósá. Gerðar voru endurbættur á holræsalögnum við Hlíðarenda, Steinhóltsveg og Smiðjustíg. Gerðar voru þveranir undir Strandgötu og teknar vatns- og skolplagnir þar í gegn en Strandgatan var bikfest, malbikuð og lögð klæðningu að miklu leyti. Settir voru kantsteinar á hluta af Strandgötu, og Lambeyrarbraut auk nokkurra minni kafla víða. Malbikaður var vestasti hluti gangstéttar við Dalbraut, Lambeyrarbraut við grunnskóla og Strandgötu að hluta við skóla. Gerður var göngustigur við Helgafell og vegkantur þar þökulagður og lagfærður. Sett var lýsing á gönguleið milli Hátúns og Helgafells. Lokið var við að hreinsa upp úr ám og lækjum eftir vatnavexti og lagfæra skemmdir, t.d. við Ljósá, Bleiksá og Grjótá. Einnig var



## STARFSEMIN Á ÁRINU

## Forsíða

## Ávarp bæjarstjóra

## Starfsemin á árinu

## Fjármál og stjórnýsla

## Félagsþjónusta

## Fræðslumál

## Menningarmál

## Æskulyðs- og íþróttamál

## Umhverfismál

## Hafnarsjóður

## Rafveita Reyðarfjarðar

## Samanburður á lykiltölum

## Ársreikningur 2001

## Fjármagnsyfirlit

## Rekstrar- og framkvæmdayfirlit

## Efnahagsreikningur

## Raunbreyting á peningalegri stöðu

## Lykiltölur

## Skýringar

töluvert ýtt til efni í Eskifjarðará til að laga farveginn eftir vatnavexti. Þá var lagað umhverfi fyrir ofan byggð við Bogahlíð og efni þaðan sett við íþróttavöll. Steyptur var nýr veggur við vegkant á Hlíðarendavegi en sá gamli féll þegar átti að endurbæta hann. Lögð voru niðurföll og lagfærðar lagnir á hafnarsvæði og það síðan lagt malbiki. Haldið var áfram að bora eftir köldu vatni og var borað við Þverár í Eskifjarðardal. Lokið var við frágang lóðar við fjölbýlishús að Bleiksárhlið 2-4.

Að öðru leyti var unnið við fegrun og snyrtingu á opnum svæðum í sveitarfélaginu, viðhald lystigarða og fl. þ.h. Auk þess hefur verið unnið að viðhaldi og endurnýjun vatns- og skolplagna á ýmsum stöðum og lagfærðar útrásir fráveitu.

**Byggingarframkvæmdir**

Lokið var við að steypa upp 3. áfanga Nesskóla sem er 2.200 m<sup>2</sup> viðbygging austan við gamla skólann. Teknar voru í notkun sex almennar kennslustofur auk salerna og miðrymis en eftir er að innrétta sérgreinastofur, bókasafn skólans ásamt almenningsbókasafni, tölvuver og hátíðasal ásamt aðstöðu fyrir sérkennslu.

Lokið var við að innrétta hluta af efri hæð 2. áfanga nýbyggingar Grunnskóla Eskifjarðar. Þar voru teknar í notkun þrjár kennslustofur ásamt miðrymi en eftir er að innrétta hátíðasal, heimilisfræðistofu og tónlistarstofu.

Lokið var við byggingu á fjórum þjónustuíbúðum fyrir fatlaða að Bakkabakka 15.

**Vinnuskóli**

Í Vinnuskóla Fjarðabyggðar hefur unglíngum úr 8-10 bekk grunnskóla verið gefinn kostur á vinnu í júní og júlí. Helstu verkefni vinnuskólans eru við fegrun og snyrtingu ásamt því að sinna plöntun vegna skógræktar. Við vinnuskólann eru að jafnaði 12 - 15 flokkstjórar og fjöldi barna um 130.

Skólagarðar voru starfræktir á öllum þéttbýlisstöðunum og þar fengu börn í 4 - 7 bekk grunnskóla að rækta matjurtir undir handleiðslu leiðbeinenda á tímabilinu júní - ágúst. Auk þess var brugðið á leik með börnunum eftir því sem tækifæri var til.

**Skipulagsmál**

Gerðar voru breytingar á aðalskipulagi Reyðarfjarðar, Eskifjarðar og Neskaupstaðar á árinu. Vinna við aðalskipulag fyrir Fjarðabyggð stendur yfir og verður væntanlega lokið í ágúst 2002. Gert var nýtt deiliskipulag fyrir Hraun I vegna stóriðju.

Gerð var breyting á eftirfarandi deiliskipulögum:

- Bakkatún Norðfirði
- Leira I Eskifirði
- Miðbær Reyðarfirði
- Iðnaðarsvæði við Kollaleiru

Þá var hafin vinna við önnur deiliskipulög á árinu.

**Umhverfismál**

Áfram var unnið við gerð snjóflóðavarnargarða og keilna við Drangagil en það verk hófst haustið 1999. Byrjað var á frágangi og gróðursetningu á svæðinu en því verki mun að mestu ljúka á árinu 2002. Varnargarðurinn er 400 metra langur og 17 metra hár þvergarður og 13 keilur þar ofan við, sem eru 10 metrar á hæð.

**Staðardagskrá 21**

Fjarðabyggð hefur tekið þátt í verkefni um Staðardagskrá 21 og hefur verið með starfsmann í hlutastarfi til að stýra því verki. Staðardagskrá 21 í Fjarðabyggð var staðfest 15. febrúar 2001. Kosið var í nýja nefnd um Staðardagskrá 21 sem mun fylgjast með framgangi verkefnisins. Einnig hefur hafist þátttaka í verkefninu „Vistvernd í verki“ og hafa fjölmargar fjölskyldur komið að því verkefni.

Staðardagskrá 21 er heildaráætlun sveitarfélaga í heiminum um hvernig þau geti stuðlað að sjálfbærri þróun í sinni heimabyggð. Með þátttöku í verkefninu hefur Fjarðabyggð lýst yfir að stefnt skuli að sjálfbærri þróun í sveitarfélaginu.

Sorphirða í Fjarðabyggð er í höndum verktaka sem valinn var að undangengnu útboði. Allt sorp er urðað í Þernunesi við utanverðan Reyðarfjörð. Gámavellir eru á hverjum firði og taka á móti sorpi frá íbúum og fyrirtækjum. Sorp er tekið frá heimilum aðra hverja viku.



## STARFSEMIN Á ÁRINU

## Forsíða

## Ávarp bæjarstjóra

## Starfsemin á árinu

## Fjármál og stjórnýsla

## Félagsþjónusta

## Fræðslumál

## Menningarmál

## Æskulyds- og íþróttamál

## Umhverfismál

## Hafnarsjóður

## Rafveita Reyðarfjarðar

## Samanburður á lykiltölum

## Ársreikningur 2001

## Fjármagnsyfirlit

## Rekstrar- og framkvæmdayfirlit

## Efnahagsreikningur

## Raunbreyting á peningalegri stöðu

## Lykiltölur

## Skýringar

## Hafnarsjóður Fjarðabyggðar

## Hafnarnefnd

